

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 28. september kl. 13:00 var haldinn 294. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### **Petta gerðist:**

1. Lögð fram fundargerð SF 293. Undirritun frestað.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og kynnti fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2021 ásamt langtímaspá út árið 2026.

Klukkan 13:20 mætti Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Klukkan 13:45 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Erling gerði einnig grein fyrir og svaraði fyrirspurnum um stöðu samningamála Gagnaveitu Reykjavíkur. Klukkan 14:00 mætti Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Ingvar Stefánsson kynnti fjárhagsspá Carbfíx í fjarveru Eddu Sifjar Aradóttur, framkvæmdastjóra félagsins. Afgreiðslu spárinnar frestað til aukafundar stjórnar, sem haldinn verður mánudaginn 5. október nk. kl 13:00 um fjarfundabúnað.

Ingvar kynnti stöðu fjármögnunar OR.

Klukkan 14:50 kom Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður upplýsingatækni til fundarins og gerði grein fyrir áhættuvörnum vegna netöryggisatvika og viðbrögðum við slíkum atvikum.

Lögð fram áhættuskýrsla dags. 31.08.2020

3. Klukkan 15:00 mætti til fundarins Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður Innkaupa. Hann lagði fram og kynnti innkaupareglur OR og tillögur að breytingum á þeim. Innkaupareglur samþykktar samhljóða.
4. Klukkan 15:10 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sérfræðingur í samfélagsábyrgð til fundarins, kynnti stefnu um samfélagsábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur og lagði til breytingar á stefnunni. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða.
5. Klukkan 15:15 mætti Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 24. september s.l. Einnig lagt fram minnisblað um stöðu forðagæslu dags. 24. september s.l. Umræður.
6. Elín Smáradóttir lagði fram og kynnti minnisblað, dags. 25. september 2020 um hvað þyrfti til að breyta Carbfíx ohf. í hlutafélag, sem tekið var saman í samræmi við beiðni á SF293.

7. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 20. september 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
8. Önnur mál.
  - Lagt fram erindi Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar dags. 23. september 2020 um skipan stjórna dótturfélaga. Stjórn óskar eftir samantekt um afstöðu stjórnenda til málsins fyrir næsta stjórnarfund.
  - Lagt fram erindi Guðrúnar Erlu Jónsdóttur, stefnustjóra dags. 28. september 2020 um breytingu á Stefnuráði og áhrif á starfsáætlun stjórnar.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 15:52.**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 26. október 2020.**

Brynhildur Davíðsdóttir,  
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,  
Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals,  
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 24. ágúst kl. 13:00 var haldinn 293. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Hellisheiðarvirkjun og í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### **Petta gerðist:**

1. Fundargerð SF 292 samþykkt og undirrituð.
2. Klukkan 13:10 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins, lagði fram og kynnti hálfársuppgjör Orkuveitu samstæðunnar, ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur, forstöðumanni reikningshalds og Davíð Arnari Einarssyni, endurskoðanda. Umræður. Uppgjörið samþykkt samhljóða.

Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

*Það vekur athygli að launakostnaður hækkar um 15% frá síðasta ári.  
Þetta er langt umfram verðlagsþróun.*

Lögð fram áhættuskýrsla dags. 31.07.2020

Ingvar Stefánsson og Ásgeir Westergren greindu frá áhrifum hugsanlegrar lokunar ÍSAL í Straumsvík á íslenskan raforkumarkað.

Ingvar gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar OR. Hann og Elín Smáradóttir gerðu einnig grein fyrir niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli Glitnis Holdco gegn Orkuveitu Reykjavíkur.

Jakob S. Friðriksson, verkefnastjóri kom inn á fundinn kl. 14:20 og greindi frá stöðu svokallaðs snjallmælaverkefnis.

Klukkan 14:21 yfírgaf Eyþór Laxdal Arnalds fundinn en Björn Gíslason kom á fundinn í hans stað.

3. Klukkan 14:30 mættu til fundarins Grettir Adolf Haraldsson, verkefnisstjóri, Bragi Þór Bjarnason og Árni J. Árnason og kynntu rekstraráætlun, Sögu og tæknisýningar í Elliðaárdal og forsendur hennar.

Atli Bollason og Eva Huld Friðriksdóttir hönnuðir kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir við húsakost á Torfu í Elliðaárdal. Lögð fram svohljóðandi tillaga um kostnaðaráætlun:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að bjóða út framkvæmdaáfangi 2.2 að sögu- og tæknisýningu í Elliðaárdal á grundvelli kostnaðaráætlunar hönnuða verkefnisins. Áfangi 2.2 felur í sér endurbætur og breytingar á húsunum á torfunni (smiðju, fjósi, hlöðu, skemmu, gömlu rafstöðinni, stöðvarstjórahúsinu) auk nýbyggingar úr gleri sem tengir saman smiðju og hlöðu. Undir áfangann falla enn fremur framkvæmdir sem snerta gufuborinn Dofra og hlífðarskýli yfir höggborinn svonefnda. Stjórn felur forstjóra jafnframt að ganga til samninga við verktaka um að ráðast í framkvæmd verksins svo fremi að hagstæðasta tilboð sem berst uppfylli*

*gæðakröfur hönnuða og sé ekki hærra en sem nemur kostnaðaráætlun hönnuða að viðbættum 20% vikið. Auk þess samþykkir stjórn 4,7 milljón króna fjárveitingu til verkefnisins vegna gerðar kynningarefnis.*

Umræður. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Grettir Adolf Haraldsson gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu um að hætta raforkuframleiðslu í Elliðaárstöð, sem lögð er fram til kynningar. Tillögunni fylgir greinargerð.

*[Tillaga tekin út vegna trúnaðar].*

Umræður. Málinu frestað til frekari umfjöllunar stjórnar. Stjórn felur forstjóra að leita eftir afstöðu þeirra stofnana sem að málinu koma.

5. Grettir greindi frá stöðu mála varðandi undirbúning endurbyggingar Vesturhúss.
6. Lögð fram til upplýsinga, drög að samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Carbfix um framsal hugverka.
7. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 20. ágúst s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 20. ágúst s.l. Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri mætti til fundarins kl 16:00 og gerði grein fyrir stöðu umhverfismælikvarða. Umræður.
8. Elín Smáradóttir gerði grein fyrir stöðu ON og GR gagnvart upplýsingalögum og mögulegum undanþágum. Til upplýsingar.
9. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 20. ágúst 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Greindi frá umsögnum um drög að kerfisáætlun Landsnets.
10. Önnur mál.
  - Starfskjarnanefnd: Stjórnarformaður lagði fram tillögu um að Eyþór Laxdal Arnalds taki sæti Hildar Björnsdóttur í starfskjaranefnd. Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:40**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 28. september 2020.**

Brynhildur Davíðsdóttir,  
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,  
Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Björn Gíslaon,  
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

### 1. gr. Tilgangur

Reglur þessar eru til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum og til að tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Orkuveita Reykjavíkur kaupir.

### 2. gr. Lög og reglur um innkaup

Innkaupastefnu og innkaupareglum Orkuveitunnar skal fylgt við öll innkaup, sem og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 þar sem við á. Í útboðum á Evrópska efnahagsvæðinu er stuðst við tilskipun nr.2004/17 EB og reglugerð nr. 755/2007. Þetta á einnig við um alþjóðasamninga s.s. EES-samninginn.

### 3. gr. Innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á vöru, þjónustu og verklegum framkvæmdum.

### 4. gr. Innkaupaaðferðir

Við innkaup skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- **Útboð**, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið.
- **Fyrirspurn/verðkönnun** og samningur/pöntun í kjölfarið.
- **Samningur eða pöntun** án undangengins útboðs eða fyrirspurnar.

Við innkaup er einnig heimilt að beita eftirtöldum aðferðum, þar sem það á við:

- **Samningskaupum**, að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- **Samningskaupum**, án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- **Samningskaupum**, vegna hönnunarsamkeppni.

Undir hugtakið útboð falla heiti þar sem lýst er því sem boðið er út, eins og **þjónustuútboð**, **verkútboð**, **vöruútboð** og **rammasamningsútboð**, en einnig heiti eins og **alútboð**, **samkeppni**, **hönnunarsamkeppni**, **tveggja áfanga keppni** og **útboð með tveggja umslaga kerfi**. Forval er hluti útboðsferils.

### 5. gr. Hvenær útboð skal viðhaft

Samkvæmt innkaupastefnu fyrirtækisins er meginreglan sú, að beitt skuli opnum útboðum við innkaup á vöru, þjónustu og verkframkvæmdum óháð upphæð innkaupa að svo miklu leyti sem unnt er og hagkvæmt þykir.

Öll frávik frá meginreglunni um opið útboð s.s. áform um lokað útboð, fyrirspurn/verðkönnun og beina samninga, kalla á heimild frá Innkauparáði áður en slíkt er framkvæmt. Þetta á við þegar um er að ræða:

- **Vörukaup yfir 7 mkr.**
- **Þjónustukaup yfir 14 mkr.**
- **Verklegar framkvæmdir yfir 14 mkr.**

Skylt er að beina fyrirspurn/verðkönnun til a.m.k. tveggja aðila þegar um eftirfarandi fjárhæðir er að ræða:

- **vörukaup á bilinu 2-7 mkr.**
- **þjónustukaup bilinu 2-14 mkr.**
- **Verklegar framkvæmdir á bilinu 2-14 mkr.**

### 6. gr. Samningar sem heimilt er að undanþiggja skyldu til útboðs eða fyrirspurnar

Heimilt er að víkja frá ákvæði 5. gr. um skyldu til að nota útboð eða fyrirspurn um eftirtalda þjónustu:

- Útgáfa viðskiptabréfa
- Fjármálaráðgjöf
- Rekstrar- og stjórnunarráðgjöf
- Lögfræðiþjónusta
- Ráðningaráþjónusta
- Starfsmenntun og námskeið

- Innkaup á sérhæfðum búnaði, varahlutum og vinnu við viðhald á veitukerfum og virkjunum
- Þróunarverkefni

Skylt er að afla samþykkis innkauparáðs um fyrirhuguð innkaup sbr. ofantalinn lista.

### 7. gr. Viðmiðunarupphæðir

Við kaup á vörum, verkframkvæmdum eða þjónustu skal miða við eftirfarandi:

- **0-7 Mkr:** Innkaup sem eru **undir 7 Mkr** skulu samþykkt af framkvæmdastjórum eða forstöðumönnum, þ.m.t. hlutur Orkuveitu Reykjavíkur í samstarfsverkem. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn geta framselt þar sem það á við. Við innkaup undir 7 Mkr skal eftir sem áður beita viðurkenndum innkaupaaðferðum og framkvæmd innkaupanna skal vera í samræmi við útgefnar leiðbeiningar.
- **7-250 Mkr:** Öll innkaup **7 Mkr og yfir** fara fyrir **Innkauparáð** til samþykktar áður en óskað er eftir tilboðum, þ.m.t. hlutur Orkuveitunnar í samstarfsverkem.
- **250-500 Mkr:** Fyrir samningsupphæð **yfir 250 Mkr** skal leita staðfestingar **stjórnarformanns** áður en tilboði er tekið eða kaup staðfest.
- **500+ Mkr:** Fyrir samningsupphæð **yfir 500 Mkr** skal leggja málið fyrir **stjórn fyrirtækisins** til ákvörðunar.

### 8. gr. Mál sem fara fyrir innkauparáð

Áður en óskað er eftir tilboðum eða gengið til samninga:

- Beiðni um heimild til innkaupa yfir 7 Mkr.
- Beiðni um heimild til fráviks frá meginreglunni um opið útboð s.s. áform um lokað útboð, fyrirspurn/verðkönnun og beina samninga. Þetta á við þegar um er að ræða:
  - vörukaup yfir 7 mkr.
  - Þjónustukaup yfir 14 mkr.
  - Verklegar framkvæmdir yfir 14 mkr.
- Beiðni um heimild til fráviks frá beitingu fyrirspurnar/verðkönnunar til a.m.k. tveggja aðila þegar um eftirfarandi fjárhæðir er að ræða:
  - vörukaup á bilinu 2-7 mkr.
  - Þjónustukaup bilinu 2-14 mkr.
  - Verklegar framkvæmdir á bilinu 2-14 mkr

Eftir að tilboð liggja fyrir:

- Beiðni um heimild til töku tilboða ef lægsta tilboð er yfir kostnaðaráætlun. Slíkt skal gert áður en tilboði er tekið.
- Beiðni um heimild til viðauka við gildandi innkaupasamninga.
- Tilkynningar um hugsanleg brot á innkaupareglum OR

Um undirskrift samninga vegna vöru-, þjónustu- og verkkaupa er fjallað í [VRC-130](#).

Mál sem fara fyrir innkauparáð eru skráð í VOR og VON og send á netfang [innkauparad@or.is](mailto:innkauparad@or.is) í síðasta lagi á föstudegi til þess að vera tekið fyrir í vikunni á eftir. Innkauparáð boðar menn eftir þörfum á fundi ráðsins og þurfa þeir sem leggja inn erindi að vera til reiðu búnir að mæta á fundi ráðsins.

### 9. gr. Áætluð fjárhæða innkaupa

Við mat á áætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað við innkaup, að frátöldum virðisaukaskatti og miða við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin á að birtast. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum, skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga. Ef gert er ráð fyrir að samningur verði gerður um viðskiptin, skal tekið tillit til lengdar samningstíma að viðbættum framlengingarsamningstíma, auk áætlaðrar fjárhæðar samningsviðskiptanna. Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti í þeim tilgangi að lækka fjárhæð eða áætlaða fjárhæð, innkaupa. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila eða skipta eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

### 10. gr. Opið útbóð

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað skal almennt viðhafa opið útbóð.

### 11. gr. Lokað útbóð

Þegar opnu útbóði verður ekki við komið, það þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að viðhafa lokað útbóð. Almennt skal lokað útbóð ekki viðhaft nema að undangengnu forvali. Þegar lokað útbóð er viðhaft skal leitast við að ná fram raunhæfri samkeppni og því skal lágmarksfjöldi þátttakenda vera fjórir, ef þess er nokkur kostur.

Þegar um er að ræða vandasöm, faglega og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk skal tryggja eins og kostur er, að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk. Sama gildir þegar um er að ræða kaup á þjónustu eða vöru. Til að tryggja framangreint skal lokað útbóð viðhaft, þegar útbóðsskylda er fyrir hendi.

### 12. gr. Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útbóði, samkeppni eða samningskaupum skal þess krafist í forvalsgögnum að umsækjendur leggi fram upplýsingar sem sýna getu þeirra til að taka að sér verkefnið. Þannig skal í forvalsgögnum koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig staðið verði að vali á þátttakendum. Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í útbóði, samkeppni eða samningskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram, að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt.

### 13. gr. Lokað útbóð án forvals

Til að viðhafa lokað útbóð með þátttöku valdra bjóðenda, án forvals, þurfa málefnalegar og gildar ástæður að liggja því að baki. Bjóðendur þurfa að uppfylla gæðakröfur Orkuveitunnar, varðandi verktaka, sjá [lista í SP](#).

### 14. gr. Auglýsing útbóða

Útbóð skal auglýsa í dagblöðum og á [útboðsvef](#) Orkuveitu Reykjavíkur ([www.or.is/fjarmal/utbod](http://www.or.is/fjarmal/utbod)). Koma þarf fram í auglýsingu hvað boðið er út, hver kaupandi er, hvar og hvenær útbóðsgögn eru til afhendingar, hvar og hvenær skuli skila inn tilboði, hvar og hvenær þau eru opnuð. Útbóð á evrópska efnahagssvæðinu skulu auglýst í "Office Journal" á sérstöku tilkynningarformi.

Við lokað útbóð skal senda orðsendingu um útbóðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal koma fram, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

### 15. gr. Útbóðsgögn

Útbóðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út. Í útbóðum á evrópska efnahagssvæðinu eru tilboðsfrestir skilgreindir.

Í útbóðsgögnum skal skýrt koma fram, hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verða lagðar til grundvallar vali á samningsaðila. Í útbóðum skal nota samræmda útbóðs- og verklýsingu.

### 16. gr. Framkvæmd og umsýja útbóða

Innkaupastjórnun annast framkvæmd útbóða á vegum Orkuveitunnar. Gerð og frágangur útbóðsgagna er á ábyrgð þeirra sviða, sem að útbóðum standa. Innkaupastjórnun nýtir sér ráðgjöf innkauparáðs og lögfræðipjónustu, eftir því sem þurfa þykir.

Í sumum tilfellum getur Orkuveitan falið öðrum aðilum framkvæmd útboða s.s. ef mörg fyrirtæki standa saman að sameiginlegu útboði og kostnaðarhlutdeild Orkuveitunnar er minni en 50%. En slíkt skal gert í samráði við Innkauparáð.

Innkaupastjórnun annast alla samningsgerð og pantanir í framhaldi útboða og verðfyrirspurna, nema að um annað sé ákveðið. Sama gildir um samningsviðauka og framhaldskaup.

### 17. gr. Fyrirspurn

Fyrirspurn er viðhöfð, þegar útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurn sé óformlegri en útboð, vegna þeirra laga sem um þau gilda, skal skriflegra tilboða aflað á grundvelli fyrirspurnargagna sem einnig eru skrifleg. Orkuveitunni er heimilt að senda út gögn og taka við tilboðum í tölvupósti og/eða í símbrefi. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð. Taka skal fram hvaða aðilum er boðin þátttaka og skýrt skal koma fram, ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Tilboð skulu opnuð á tilsettum tíma og þau skráð og vottuð. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði.

Heimilt er, undir sérstökum kringumstæðum, að afla skriflegs tilboðs frá einum seljanda. Þessar kringumstæður geta m.a. verið þær að annar seljandi sé ekki þekktur og/eða verð séu kunn.

### 18. gr. Framhaldskaup og samningsviðauki

Þegar æskilegt eða nauðsynlegt þykir, af fjárhags-, tíma- eða af tæknilegum ástæðum er hægt að gera viðauka við tiltekinn verk-, þjónustu- eða vörukaupasamning. Leita skal samþykkis Innkauparáðs fyrirfram. Sama gildir um kaup á grundvelli eldri pantana eða eldri tilboða.

### 19. gr. Mat og val á tilboði/samningsaðila

Áður en tilboð eru opnuð skal liggja fyrir kostnaðaráætlun.

Ætíð skal taka því tilboði sem hagkvæmast er, miðað við kröfur í útboðslýsingu, lög og reglur. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Ef meta á hagkvæmni tilboða á grundvelli fleiri forsendna en verðs, skal tiltekið hverjar þær forsendur eru og þeim raðað eftir mikilvægi, nema slíkt sé útilokað. Taka skal tillit til öryggis- heilbrigðis-, gæða- og umhverfissjónarmiða við mat á hagkvæmni tilboðs. Samningsaðili þarf að standast eða hafa staðist verktaka- og birgjamat Orkuveitu Reykjavíkur.

### 20. gr. Fjárhagsstaða bjóðanda/viðsemjanda

Ekki skal gera samning við þann sem eftirfarandi á við:

1. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
2. Er í vanskilum með opinber gjöld.
3. Er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld eða iðgjöld vegna starfsfólks.
4. Skortir fjárhagslega- og tæknilega getu til að framkvæma samninginn.

Óheimilt er inna af hendi greiðslu til viðsemjanda vegna verks eða þjónustu, fyrr en fullnægjandi verktrygging og verkáætlun liggur fyrir og samningur er frágenginn.

### 21. gr. Hæfis- og siðareglur

*Hvorki starfsfólk né aðilar í stjórn fyrirtækisins geta átt aðild að ákvörðunum um innkaup er varða aðila, sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Við afreiðslu þess háttar mála skulu viðkomandi víkja af fundi.*

Starfsfólki er óheimilt að þiggja boðsferðir, sem tengjast viðskiptum viðsemjenda við Orkuveituna, nema með sérstakri heimild stjórnarformanns eða forstjóra hverju sinni.



**22. gr.**

**Ábyrgð**

*Ábyrgð á því að innkaup séu í samræmi við innkaupareglur og innkaupastefnu er á hendi viðkomandi framkvæmdastjóra/sviðsstjóra. Komi það í ljós að reglur kunni að hafa verið brotnar, ber að tilkynna um slíkt til Innkauparáðs sem tekur erindið til meðferðar.*

**23. gr.**

**Trúnaðarskylda.**

Allt starfsfólk fyrirtækisins, er koma að innkaupum, skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.

### 1. gr. Tilgangur

Reglur þessar eru til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum og til að tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Orkuveita Reykjavíkur kaupir. Innkaupareglurnar miða að því að tryggja réttar innkaupaaðferðir í verkefnum en taka ekki afstöðu til úthlutunar fjármagns, fjárhæðamarka eða samþykka þar að lútandi.

### 2. gr. Lög og reglur um innkaup

Við innkaup skal þess gætt að ákvæðum laga og reglugerða sé fylgt s.s. lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu, með síðari breytingum. Innkaup Orkuveitu Reykjavíkur („OR“) leiðbeinir með túlkun þessara laga og reglugerða.

### 3. gr. Ábyrgð og umboð

Ábyrgð á því að innkaup séu í samræmi við innkaupareglur og innkaupastefnu er á hendi framkvæmdastjóra/stýru þess sviðs innan OR sem stendur fyrir innkaupunum hverju sinni. Framkvæmdastjórar/stýrir geta framselt heimild sína til innkaupa og undirritunar samninga til starfsfólks síns. Umboð til innkaupa og undirritunar samninga er framselt sem hér segir:

- **0 - 250 þ.kr.:** Skal fylgja verklagi [IND-065](#) Smáinnkaup og skutluþjónusta
- **250 þ.kr. – 100 m.kr.:** Forstöðufólk hefur heimild til innkaupa og undirritunar samninga. Þau hafa heimild til þess að framselja umboð sitt til annara starfsmanna sinna.
- **100 m.kr. – 300 m.kr.:** Framkvæmdastjóri/stýra viðkomandi sviðs eða staðgengill undirritar samninga.
- **Yfir 300 m.kr. :** Leggja skal málið fyrir stjórn fyrirtækisins til ákvörðunar

Um undirskrift samninga vegna vöru-, þjónustu- og verkkaupa er fjallað í [VRC-130](#).

### 4. gr. Innkaupaaðferðir

Við innkaup skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- **Opið útboð**, eða önnur lögbundin innkaupaferli
- **Verðfyrirspurn**
- **Beinn samningur eða pöntun** án undangengins útboðs eða verðfyrirspurnar

### 5. gr. Hvenær útboð skal viðhaft

Í innkaupastefnu fyrirtækisins felst að beitt skuli opnum útboðum við innkaup á vöru, þjónustu og verkframkvæmdum. Ef ekki er mögulegt að beita opnu útboði eða það þykir ekki hagkvæmt skal beita annarri innkaupaaðferð skv. 4. gr.

Útboð skal viðhaft þegar um er að ræða:

- **Vörukaup yfir 15,5 m.kr.**
- **Þjónustukaup yfir 15,5 m.kr.**
- **Verklegar framkvæmdir yfir 15,5 m.kr.**

Skulu öll frávik frá meginreglunni um opið útboðsferli s.s. áform um verðfyrirspurn og beina samninga, fá heimild frá Innkauparáði OR, áður en slíkt er framkvæmt að undangenginni umsögn Innkaupa OR.

Þrátt fyrir að vikið sé frá meginreglunni um opið útboð skal ávallt gæta hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæis í innkaupum, t.d. með því að beina verðfyrirspurn að a.m.k. tveimur aðilum, verði því við komið.

#### 6. gr.

##### Fjárhagsstaða bjóðanda

Ekki skal gera samning við þann sem eftirfarandi á við:

1. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
2. Er í vanskilum með opinber gjöld.
3. Er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld eða iðgjöld vegna starfsfólks.
4. Skortir fjárhagslega- og tæknilega getu til að framkvæma samninginn.

Óheimilt er inna af hendi greiðslu til viðsemjanda vegna verks eða þjónustu, fyrr en fullnægjandi verktrygging og verkáætlun liggur fyrir og samningur er frágenginn.

#### 7. gr.

##### Samningar sem heimilt er að undanþiggja skyldu til útboðs eða fyrirspurnar

Heimilt er að víkja frá ákvæði 5. gr. um skyldu til að nota útboð eða fyrirspurn um eftirtalda þjónustu:

- Útgáfa viðskiptabréfa
- Fjármálaráðgjöf
- Rekstrar- og stjórnunarráðgjöf
- Lögfræðiþjónusta
- Ráðningarþjónusta
- Starfsmenntun og námskeið
- Innkaup á sérhæfðum búnaði, varahlutum og vinnu við viðhald
- Þróunarverkefni

Beiðni um undanþágu skal leggja fyrir Innkauparáð OR. Þessi undanþága nær eingöngu yfir innkaupareglur OR en ekki lagalega skyldu til útboðs.

#### 8. gr.

##### Mál sem fara fyrir innkauparáð

- Beiðni um heimild til fráviks frá meginreglunni um opið útboðsferli vegna innkaupa yfir 15,5 m.kr.
- Tilkynningar um hugsanleg brot á innkaupareglum OR.
- Beiðni um heimild til viðauka við gildandi innkaupasamning þar sem heildarverðmæti samninganna fer yfir 15,5 m.kr.
- Allir viðaukar sem nema meira en 10% af upphaflegri samningsfjárhæð og eru yfir 15,5 m.kr.

Mál sem fara fyrir innkauparáð eru skráð á Sharepoint síðu Innkauparáðs. Starfsmaður Innkauparáðs boðar fundi eftir þörfum og þurfa þeir sem leggja inn erindi að vera reiðubúnir að mæta á fundi ráðsins. Fundargerðir eru vistaðar í skjalakerfi.

#### 9. gr.

##### Áætluð fjárhæða innkaupa

Við mat á áætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað við innkaup, að frátöldum virðisaukaskatti. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum, skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti í þeim tilgangi að lækka fjárhæð eða áætlaða fjárhæð innkaupa. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila eða skipta eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

#### **10. gr. Hæfis- og siðareglur**

Hvorki starfsfólki né stjórnarfólki OR er heimilt að eiga aðild að ákvörðunum um innkaup er varða aðila, sem þau eru náskyld eða í hagsmunatengslum við. Við mat á vanhæfi skal miða við reglur stjórnssýslulaga.

Starfsfólki er óheimilt að þiggja boðsferðir, sem tengjast viðskiptum viðsemjenda við Orkuveituna, nema með sérstakri heimild forstjóra hverju sinni.

#### **11. gr. Trúnaðarskylda**

Allt starfsfólk fyrirtækisins, er koma að innkaupum, skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.



## Rýni stefnu um samfélagsábyrgð

SF 294 – 28. september 2020

# Stefnan sett í samræmi við leiðarljós eigendastefnu

„Í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur skal áhersla lögð á virðingu gagnvart umhverfinu, ábyrga nýtingu auðlinda og ábyrga nýtingu fjármuna. Orkuveita Reykjavíkur kemur fram af heilindum og trausti **og rækir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni**. Fyrirtækið ber hag samfélagsins fyrir brjósti og umgengst náttúruna, auðlindir og viðskiptavinum af virðingu.“

# Stefna um samfélagsábyrgð – STE-010

## Staðfest á fundi stjórnar OR 28. maí 2018

Stefna Orkuveitu Reykjavíkur um samfélagsábyrgð byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við leiðarljós í eigendastefnu fyrirtækisins.

OR gefur reglubundið með greinargóðum og gegnsæjum hætti upplýsingar um frammistöðu fyrirtækisins hvað varðar grunnstoðir sjálfbærni og samfélagsábyrgðar; umhverfi, samfélag, stjórnhætti, fjárhag og vinnustaðinn sjálfan.


Sýna skal fram fram á það með reglubundinni skýrslugjöf hvernig starfsemi OR styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

OR kallar eftir skoðunum hagsmunaaðila á því hvort fyrirtækin í samstæðunni standa undir samfélagslegri ábyrgð sinni og bregst við ábendingum með ábyrgum hætti.

# UFS og Heimsmarkmiðin

## Umhverfi, félagslegir þættir, stjórnhættir

-birtast í Ársskýrslu OR




## Heimsmarkmiðin

-samráð við hagsmunaaðila í vinnustofum veturinn 2019-2020





# Stjórn OR bókar áherslu á tiltekin Heimsmarkmið



Á stjórnarfundi OR 27. janúar 2020

4. Klukkan 14:30 mættu Eiríkur Hjálmarsson og Hólmfríður Sigurðardóttir til fundarins og gerðu grein fyrir drögum að ársskýrslu fyrir árið 2019. Einnig lögð fram tillaga um forgangsröðun heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau markmið, sem sett eru í forgang eru: hreint vatn og salernisaðstaða, sjálfbær orka, aðgerðir í loftslagsmálum og ábyrg neysla og framleiðsla.



# Tillaga að breytingu á STE-010

- **Stefnan verði óbreytt**
- **Jafnrétti bætt við áherslumarkmið OR og þau færð í stefnuskjalið**

Stefna Orkuveitu Reykjavíkur um samfélagsábyrgð byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við leiðarljós í eigendastefnu fyrirtækisins.

OR gefur reglubundið með greinargóðum og gegnsæjum hætti upplýsingar um frammistöðu fyrirtækisins hvað varðar grunnstoðir sjálfbærni og samfélagsábyrgðar; umhverfi, samfélag, stjórnhætti, fjárhag og vinnustaðinn sjálfan.

Sýna skal fram fram á það með reglubundinni skýrslugjöf hvernig starfsemi OR styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

OR kallar eftir skoðunum hagsmunaaðila á því hvort fyrirtækin í samstæðunni standa undir samfélagslegri ábyrgð sinni og bregst við ábendingum með ábyrgum hætti.

-----  
Þessi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru í forgangi hjá OR skv. ákvörðun stjórnar 28. september 2020:

- ❖ 5 Jafnrétti kynjanna
- ❖ 6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða
- ❖ 7 Sjálfbær orka
- ❖ 12 Ábyrg neysla og framleiðsla
- ❖ 13 Aðgerðir í loftslagsmálum



# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. SF 294  
**Sendandi:** Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri  
**Dagsetning:** 24. september 2020  
**Efni:** **Umhverfismál fyrir stjórn OR 28. sept. 2020. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvögina „Umhverfi og samfélag“**

Heiti mælikvarða	2017				2018				2019				2020			
	1F	2F	3F	4F	1F	2F	3F	4F	1F	2F	3F	4F	1F	2F	3F	4F
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt														*		
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi CarbFix í gildi og uppfyllt																
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

\*2F: Varmamenqun í lindum við Þingvallavatn v. Nesjavallavirkjunar, rennsli á yfirfall, lofthreinsistöð ekki á fullum afköstum í sex vikur og athugasemd við olíusmitun í Grámel

## Opinber leyfi ON, Veitna og CarbFix í gildi og uppfyllt

### ORKA NÁTTÚRUNNAR:

#### Andakílsárvirkjun

- Metveiði var í Andakílsá í sumar eða 650 laxar sem er góð veiði miðað við aðrar laxveiðiár í nágrenninu. Áin þolir veiði næsta sumar og verður ráðist í sölu veiðileyfa fyrir tímabilið. Í haust verða 20 þúsund laxaseiði sett í klak og alin í tvö ár í uppeldisstöðinni Laxeyri við Húsafell. Næsta sumar verður svipuðum fjölda seiða sleppt í ána og hafa þau verið í eldi frá hausti 2019. Það er ánægjulegt að greina frá þessum árangri við endurheimt lífríkis árinna. ON hefur tekið þetta verkefni föstum tókum.
- Beðið er niðurstaðna úr áhættumati vegna fyrirhugaðrar hreinsunar aurs úr inntakslóni virkjunarinnar.

#### Frágangur á framkvæmdasvæðum (1. og 2. mynd)

- Landmótun Gígahnjúksnámu og frágangur með hraungjalli og mosa. Námuvegur fjarlægður.
- Gengið frá borsvæði í Engidal með landmótun og gróðurtorfum af lóð Climeworks í jarðhitagarði ON.

#### Tilkynningar til leyfisveitenda

- Lofthreinsistöðin við Hellisheiðarvirkjun var stöðvuð 8. til 18. september vegna bilunar.
- Rennsli á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun 18. til 25. september vegna tenginga við Climeworks.
- Rennsli á yfirfall við Hverahlíð 22. til 24. september vegna breytinga í gufuveitu.
- Í lok sumars rann sjóðheitt jarðhitavatn frá stíflaðri svelgholu við Nesjavallavirkjun óhindrað yfir gróíð land með tilheyrandi skemmdum og hættu (3. mynd). Unnið að varanlegri lausn sem verði tilbúin í nóvember.

#### Samskipti við hagsmunaaðila

Fundir haldnir með samráðshópi landeigenda við Skorradalsvatn og Andakílsá, með formönnum félags sumarhúsaeigenda í Fitjahlíð við Skorradalsvatn og með hagsmunaaðilum jarðgufuvirkjana.

**Staða auðlinda.** Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar OR um forðagæslu.

### VEITUR:

#### Elliðavatn

Unnið að gerð samnings við Hafrannsóknarstofnun vegna rannsókna í Elliðavatni í kjölfar þess að í febrúar var vatnsborð lækkað í vatninu í tengslum við framkvæmdir í farvegi Elliðaáa og vegna mikillar úrkomu. Rannsóknir munu leiða í ljóst áhrif þessa á vatnalíf í vatninu.

#### Fráveita

- Í tvígang var viðhald í skólþælustöðinni við Faxaskjól tilkynnt til leyfisveitenda. Skólp rann ekki í sjó.

**Vatnsveita.** Ekkert nýtt.

#### Hitaveita

- Vel gekk að hreinsa varmaskipti 2 í Hveragerði. Kísilhreinsir var notaður í verkið en hann er hættulegur heilsu og umhverfi og var haft samráð við slökkvilið, tilkynnt Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og íbúum í nágrenninu. Hreinsun á varmaskipti 1 er áforuð í næstu viku.
- Vel gekk að tæma heitt vatn úr Deildartunguæð þar sem hún liggur yfir Andakílsá en ráðast þurfti í viðgerð á lögninni. Tilkynnt og haft samráð við Hafrannsóknarstofnun, landeigendur og Veiðifélag Andakílsár.
- Leki kom að safnæð í Mosfellsbæ. Vatnshiti í læk fór í 18°C. Tilkynnt til leyfisveitenda.

**Rafveita.** Ekkert nýtt.

**Staða auðlinda.** Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar OR um forðagæslu.

### CARBFIX:

- Sjá nánar um lofthreinsistöð í „Tilkynningar til leyfisveitenda“ að ofan og „Loftslagsmál.“ að neðan.

#### Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið undir viðmiðunarmörkum það sem af er ári.

## Loftslagsmál

- Samstæða OR sendi umsögn um 2. útgágu aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum. Helstu athugasemdir vörðuðu orkuskipti í samgöngum, Carbfix aðferðina, tækifæri í nýsköpun og bergi ásamt fjármögnun aðgerða. [Sjá nánar í samráðsgátt stjórnvalda.](#)
- Kolefnisreiknir OR og Eflu tilnefndur til umhverfisverðlauna Samtaka atvinnulífsins sem framtak ársins.

## Annað

### Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl.

- Veitur sendu umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum.

### Mat á umhverfisáhrifum

- Fyrirspurn um matsskyldu lofthreinsistöðvar við Nesjavallavirkjun send Skipulagsstofnun.
- Veitur sendu umsögn um tillögu að matsáætlun Borgarlínu til Skipulagsstofnunar.

### Umhverfislakning

- ON:
  - Fundir í hverjum mánuði með stjórnendum virkjana ON og vikulegir fundir með starfsfólki virkjana.
  - Fundir með „verkplönurum“ ON þ.a. umhverfismál komi betur inn í framkvæmdaverk og eftirlit.
  - Fundir með tækniþróun ON til að skerpa á umhverfismálum í verkferlum.
- Veitur:
  - Vikulegir örfundir með stjórnendum.
  - Vikulegir fundir með verkefnastjórum.
- Utanhúss:
  - Aðferðir og árangur ON í landgræðslu og áskoranir vegna Andakílsárvirkjunar í Lb.háskóla Íslands.
  - Vakin athygli á Kolefnisreikni OR og Eflu á samfélagsmiðlum í tengslum við Dag íslenskrar náttúru.
  - Samvinna ON, Carbfix og Climeworks í Jarðhitagarði ON á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.
  - Orkuskipti í samgöngum. ON greindi frá rafbílsumrinu 2020 á ljósvakamiðlum.



1.mynd. Vinstri: Gígahnjúksnáma fyrir frágang. Hægri: Gígahnjúksnáma eftir landmótun og yfirborðsfrágang.



2.mynd. Gróðurtorfur af lóð Climeworks í Jarðhitagarði nýttar við frágang í Engidal.



3.mynd. Vinstri: Svelghola við Nesjavallavirkjun. Hægri: Eyðilegging á gróðri vegna jarðhitavatns.

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri


Sendandi: Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar

Dagsetning: 24.9.2020

## Sumarhvíld lághitasvæða - Höfuðborgarsvæðið

Sumarhvíld lághitasvæða gekk afar vel og er mikið framfaraskref í bættri nýtingu auðlinda. Sumarhvíldin bætir nýtingu á núveranda innviðum og hefur jákvæð áhrif á umhverfismál hjá bæði Veitum og ON.

Staða vatnsborðs á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki verið betri í áratugi, sem er mjög gott veganesti inn í veturinn ekki síst þar sem aflgeta hitaveitu eykst með hækkandi vatnsborði.



## Framkvæmdir til að auka afköst jarðhitaholu í Bolholti

Framkvæmdir sem sagt var frá í síðasta minnisblaði eru hafnar í Bolholti en ónæði af framkvæmdinni er mun minna en fyrst var áætlað. Hagaðilar í kringum holuna eru mjög sáttir, enda mikið lagt upp úr undirbúningi og upplýsingagjöf.

Markmiðið með framkvæmdinni er að auka afkastagetu holunnar úr 50 l/s í ca. 90 l/s með djúpdælu. Þetta er mikilvægt skref í að tryggja nægt heitt vatn fyrir höfuðborgarsvæðið. Með því að fjölga djúpdælum í holum samhliða því að hvíla lághitasvæðin yfir sumartímann má auka aflgetu kerfisins. Auk þess fylgir djúpdælum sá kostur að ekkert hljóð heyrir frá þeim í rekstri en það er mikilvægt þar sem byggð færir sífellt nær borholunum okkar.

## Styrkir til undirbúnings djúpborunar og rannsókna á jarðhita innan borgarmarka

Orkuveitusamstæðan fékk á dögunum styrki í tvö verkefni úr styrktarsjóðnum Geothermica, sem er alþjóðlegur sjóður sem styrkir rannsóknir á jarðhita.

Fyrra rannsóknarverkefnið, DEEPEN, mun styðja við undirbúning djúpborunar á Hengilssvæðinu. Verkefnið miðar að bættum skilningi á rótum jarðhitasvæða, eða á umhverfinu þar sem hiti og vatn mætast. Einnig munum við leitast við að bæta aðferðir við jarðhitaleit, sérstaklega þeirra sem sjá dýpra ofan í jarðhitakerfin. Þessar rannsóknir munu styðja við stækkun jarðhitasvæða niðurávið en þannig mætti lengja líftíma virkjananna okkar án þess að raska nýjum svæðum. Verkefnið er samstarf 10 stofnanna og fyrirtækja í sex löndum

Seinna verkefnið, RESULT, snýst um rannsóknir á jarðhita innan borgarmarka. Meðal þess sem skoðað verður er hvort hægt sé að nýta betur jarðhita á svæðum þar sem búið er að bora, með umhverfissjónarmið og loftslagsmál að leiðarljósi. Annað markmið rannsókna er að kortleggja nýtingu jarðhita innan borga, þannig að lönd og borgir geti borið saman bækur sínar og lært hvert af öðru. Verkefnið er samstarfsverkefni Veitna, ÍSOR og erlendra samstarfsaðila í Hollandi og Írlandi.

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

**Sendandi:** Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri


**Dagsetning:** SF294 28. september 2020

**Efni:** **Breyting á Stefnumráði og áhrif á starfsáætlun stjórnar**

Stefnustjóri og samstæðufundur, sem samanstendur af framkvæmdastjórum í samstæðunnu ásamt forstjóra, hafa ákveðið að gera breytingar á Stefnumráði. Breytingarnar felast í því að rýni stefnu færast hér eftir á Skipuritsfundi.

Stefnumráð hefur þann tilgang að ræða stefnu, áskoranir við innleiðingu hennar og hvað er framundan, áður en hún fer til stjórnar OR til samþykktar. Skipuritsfundur er, eins og nafnið ber með sér, fundur allra stjórnenda í skipuriti samstæðunnar. Þeir bera ábyrgð á framfylgd stefnu og að sjá til þess að reksturinn sé innan þeirra marka sem kveðið er á um. Þá bera stjórnendur í skipuriti þá ábyrgð að kynna stefnu, markmið og mælikvarða fyrir starfsfólki sínu og teyllum, þ.e. að tryggja flæði stefnumiðaðrar stjórnunar og Markmiðsferlis.

Til upprifjunar þá er rýni stefnu, markmiða og mælikvarða Markmiðsferli samstæðunnar og sem þjónar þeim tilgangi að tryggja samræmi í stefnumiðaðri stjórnun innan samstæðunnar, eins og eigendastefna OR kveður á um. Ábyrgðaraðilar stefnu í samstæðu OR leiða stefnumótun málaflokka, reka stjórnunarkerfi og styðja stjórnendur við innleiðingu stefnu, vakta árangur og stuðla að stöðugum umbótum. Ábyrgðaraðilar stefnu eru mikilvægur hluti annarrar varnarliðu samstæðunnar og hluti innra eftirlits, sem miðar að því að fyrirtæki samstæðunnar nái settum markmiðum.



Markmiðsferli samstæðunnar hefur þann tilgang að tryggja að unnið sé til samræmis við eigendastefnu OR, þannig að öllum sé ljóst hvert við stefnum, að markmiðum sé miðlað, árangur metinn og farið sé í umbætur.



Markmið þessarar breytingar á Stefnuráði er að nýta reynslu fyrri ára til að straumlínulaga Markmiðsferlið og styrkja aðra varnarlínu og innra eftirlit samstæðunnar.

Áhrifin sem þetta hefur á stjórn OR eru engin en breytingin hefur áhrif á starfsáætlun stjórnar, þar sem rýni stefnu færist aftur um mánuð frá því sem starfsáætlunin gerir nú ráð fyrir. Við undirbúning starfsáætlunar fyrir næsta ár verður tekið tillit til þessarar breytingar og dagsetningum rýni stefnu verður stillt upp miðað við breytt ferli. Rýni stefnu eftir mánuðum, hér eftir, má sjá fyrir neðan.

	Stefnuráð	Stjórn OR	Stjórnir dótturfélaga
<b>Janúar</b>	Jafnréttisstefna, Heildarstefna OR*		Stefna um vistvænar samgöngur Umhverfis- og auðlindastefna
<b>Febrúar</b>	Innkaupastefna, Skjala- og upplýsingastjórnun	Jafnréttisstefna, Heildarstefna OR*	
<b>Mars</b>	Mannauðsstefna Siðareglur Starfskjarastefna	Innkaupastefna, Skjala- og upplýsingastjórnun	Jafnréttisstefna
<b>Apríl</b>	Gæðastefna Persónuverndarstefna	Mannauðsstefna Siðareglur Starfskjarastefna	Innkaupastefna, Skjala- og upplýsingastjórnun
<b>Mái</b>	ÖH stefna	Gæðastefna Persónuverndarstefna	Mannauðsstefna Siðareglur (Starfskjarastefna)
<b>Júní</b>	Umhverfis- og auðlindastefna	ÖH stefna	Gæðastefna Persónuverndarstefna
<b>Júlí</b>			
<b>Ágúst</b>	Samskiptastefna* Samfélagsábyrgð*	Umhverfis- og auðlindastefna	ÖH stefna
<b>September</b>	Arðsemisstefna* Arðgreiðslustefna* Áhættustefna	Samfélagsábyrgð*	Umhverfis- og auðlindastefna
<b>Október</b>	Upplýsingaöryggisstefna Upplýsingatæknistefna	Arðsemisstefna* Arðgreiðslustefna* Áhættustefna	
<b>Nóvember</b>	Stefna um vistvænar samgöngur Umhverfis- og auðlindastefna	Upplýsingaöryggisstefna Upplýsingatæknistefna	Áhættustefna
<b>Desember</b>	Þjónustustefna OR*	Stefna um vistvænar samgöngur Umhverfis- og auðlindastefna	Upplýsingaöryggisstefna Upplýsingatæknistefna

Starfsáætlun fyrir rýni stefnu mun taka mið af ofangreindri töflu þar sem búið er að stilla upp „flæði“ í gegnum samstæðuna eftir mánuðum.